

2014–2016

Skýrsla stjórnar Hafnasambands Íslands



40. hafnasambandsþing

haldið á Ísafirði 13. og 14. október

2016

Hafnasamband Íslands: Skýrsla stjórnar Hafnasambands Íslands 2014–2016
október 2016

Útgefandi: Hafnasamband Íslands
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 REYKJAVÍK
Sími: 515 4900
Fax: 515 4902
Netfang: hafnasamband@samband.is
Veffang: www.hafnasamband.is

Umbrot og textavinnsla: Gísli Gíslason og Valur Rafn Halldórsson
Ljósmyndir: Valur Rafn Halldórsson

© 2016 Hafnasamband Íslands

I. INNGANGUR

Frá því að hafnasambandsþing var haldið í Dalvíkurbyggð í september 2014 hefur efnahagur hafna batnað og umsvif margra hafnasjóða vaxið með auknum afla, flutningum og fjölgun skemmtiferðaskipa. Þó svo að betur hafi árað hjá sumum höfnum eru aðrar enn að berjast við þungan rekstur og óvissa stöðu til lengri tíma.

Á starfstímabili stjórnar Hafnasambands Íslands gerðist merkur atburður sem hafnasambandið hefur barist fyrir í nokkur ár, en breytingar á hafnalögum voru samþykktar í lok árs 2014. Þær breytingar sem þá fóru í gegn voru góðar og gagnlegar. Slíkar lagabreytingar leysa þó ekki stóru vandamálin sem margar hafnir standa fram fyrir en það er að styrkja rekstrargrundvöllinn.

Á tímabilinu vann stefnumótunarnefnd hafnasambandsins að langtímastefnu fyrir hafnir landsins og horft er til þess, ef fulltrúar á hafnasambandsþingi 2016 samþykkja hana, verði leiðarljós nýrrar stjórnar næstu tvö árin.

Ýmis önnur verkefni hafa verið ofarlega á baugi stjórnar hafnasambandsins, m.a. vigtarmál, umhverfis- og mengunarmál, hafnavernd, fjármagn í hafnabótasjóð, hafnarreglugerðir, skipulagsmál, lög um mat á umhverfisáhrifum, fyrirmynd að umhverfisstefnu, könnun á samvinnu og sameiningu hafnasjóða, úttekt á viðhalds- og nýframkvæmdum svo eitthvað sé nefnt. Að ógleymdri samgönguáætlun sem virðist erfitt að fá samþykka.

Varðandi efni samgönguáætlunar til lengri og skemmri tíma er það skoðun stjórnar HÍ að umfjöllun um málefni hafna og verkefni þeirra sé heldur rýr og að bæta megi í þær framkvæmdir sem horft er til á næstu árum.

Hafnafundur var haldinn í Hafnarfirði í ágúst 2015 og var þar m.a. fjallað um öryggis- og tryggingamál, fjareftirlit með rafmagnsnotkun, landtengingar, efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa, fjárhag hafna og framkvæmdaþörf þeirra. Að fundi loknum var hafnarsvæði Hafnarfjarðarhafnar skoðað.

Stjórn Hafnasambands Íslands hélt uppi þeirri viðteknu venju að heimsækja hafnir og var á árinu 2015 farið um Norðvesturland, en á árinu 2016 voru hafnir Norðausturlands heimsóttar.

Þróun hafna, endurnýjun og uppbygging, hefur á síðustu árum fyrst og fremst verið drifin áfram af dugnaði og áhuga þeirra tiltölulega fáu sem koma beint að hafnarrekstri. Lítið hefur farið fyrir stefnumótun af hálfu ríkisins og óverulegir fjármunir skilað sér á síðustu árum frá ríkinu til hafnarframkvæmda. Sem betur fer er það vösk sveit sem víða um land hefur drifið áfram verkefni og markaðssetningu hafnanna, en umhugsunarefni er hve nágrannar okkar í Evrópu leggja mikla áherslu á hafnir m.a. með beinum framlögum. Á meginlandi Evrópu og annars staðar á Norðurlöndum gegna hafnir meginhlutverki í samgöngukerfi viðkomandi landa og njóta til þess verulegs stuðnings. Á Íslandi væri fátt um fiskveiðar og flutninga ef ekki væru fyrir hendi öruggar hafnir, en því má halda fram að um þessar mundir séu gerðar meiri kröfur til hafna án þess að því fylgi nægur skilningur á hlutverki þeirra og rekstrarumhverfi. Það verður því áfram verkefni þeirra sem vinna að hafnamálum að tryggja sem best stöðu hafnanna í samgöngukerfi landsins og tryggja þannig um leið viðhald og uppbyggingu þessara mikilvægu innviða byggða og sveitarfélaga.



II. STJÓRNARFUNDIR OG NEFNDARSTÖRF

STJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta hafnasambandsþingi hafa verið haldnir 21 stjórnarfundur og þar af nokkrir símafundir. Sem fyrr hafa verkefni stjórnar verið fjölbreytt. M.a. hafa verið veittar umsagnir um mál sem hafa verið til umfjöllunar á Alþingi, fyrirspurnum svarað frá ýmsum aðilum, afgreidd mál sem m.a. hafa komið frá stjórnarmönnum og starfsmönnum og stjórnendum hafna, stefnumótunarnefnd lagði fram drög að stefnumörkun fyrir hafnasambandið, könnun var gerð á viðhalds- og nýframkvæmdakostnaði hafna, rafmagnsframboði hafna og samvinnu og sameiningarmálum hafna. Starfsnefndir HÍ hafa fundað á tímabilinu og verið misvirkar, auk þess sem fulltrúar einstakra hafna hafa starfað í nefndum þar sem HÍ hefur tilnefnt fulltrúa.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel þar sem sérþekking nefndarmanna á hinum ýmsu sviðum kemur að góðum notum. Stjórn hafnasambandsins tímabilið frá 2014 til 2016 var þannig skipuð:

Aðalmenn:

- Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna sf., formaður
- Guðný Sverrisdóttir, stjórnarmaður í Hafnasamlagi Norðurlands, varaformaður
- Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar
- Steinþór Pétursson, hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna
- Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarhafna
- Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastj. umhverfis- og framkvæmdasv. Vestmannaeyjabæjar
- Ásta B. Pálmadóttir, hafnarstjóri Skagafjarðarhafna

Varamenn:

- Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Hafna Snæfellsbæjar
- Sigrún Árnadóttir, hafnarstjóri Sandgerðishafnar
- Ásthildur Sturludóttir, hafnarstjóri Hafna Vesturbyggðar

Í maí 2016 lét Már Sveinbjörnsson af störfum sem hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafna og um leið vék hann úr stjórn hafnasambandsins. Björn Arnaldsson tók sæti hans í aðalstjórn.

NEFNDASTÖRF

Stjórnin skipaði eftirtalдар starfsnefndir með skilgreindum verkefnum á fundi 3. október 2014 og hafa störf nefndanna tekið mið af verkefnum. Talsverður fjöldi funda hefur verið haldinn ýmist í síma eða sem hefðbundnir viðverufundir.

Fræðslunefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að undirbúa fundi og fræðslu á vegum HÍ.

Nefndarmenn:

- Steinþór Pétursson, formaður (Fjarðabyggðarhafnir)
- Ásta Pálmadóttir, (Skagafjarðarhafnir)
- Guðmundur Kristjánsson (Ísafjarðarhafnir)

Umhverfis- og öryggisnefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að fjalla um umhverfismál, öryggismál, starfsemi Gaflsins, slysavarnir, sölu á rafmagni og samskipti við Umhverfisstofnun og iðnaðar- og umhverfisráðuneyti.

Nefndarmenn:

- Már Sveinbjörnsson, (Hafnarfjarðarhöfn)
- Gísli J. Hallsson, (Faxaflóahafnir sf.)
- Björn Arnaldsson (Hafnir Snæfellsbæjar)
- Sigrún Árnadóttir (Sandgerðishöfn)
- Pétur Ólafsson (Hafnasamlagi Norðurlands)

Stefnumótunarnefnd

Aðalverkefni nefndarinnar var að vinna úr ályktun seinasta hafnasambandsþings og útbúa drög að stefnumörkun fyrir hafnir landsins.

Nefndarmenn:

- Gísli Gíslason (Faxaflóahafnir sf.)
- Guðný Sverrisdóttir (Hafnasamlag Norðurlands)
- Ásthildur Sturludóttir (Hafnir Vesturbyggðar)
- Magnús B. Jónsson (Skagastrandarhöfn)
- Ólafur Snorrason (Vestmannaeyjahöfn)

Fundargerðir stjórnar er að finna á vefsíðu hafnasambandsins www.hafnasamband.is.



III. HAFNAFUNDUR 2015

Sjöundi hafnafundur hafnasambandsins var haldinn í Firði í Hafnarfirði þann 28. ágúst 2015. Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, ávarpaði fundinn. Umfjöllunarefni hafnafundarins voru eftirfarandi:

Fjárhagsstaða hafna árið 2014

Valur Rafn Halldórsson, framkvæmdastjóri Hafnasambands Íslands.

Framkvæmdaþörf íslenskra hafna til næstu fimm ára

Hreinn Haraldsson, forstjóri Vegagerðarinnar.

Úttekt hafnasambandsins á framkvæmdaþörf íslenskra hafna

Guðný Sverrisdóttir, varaformaður Hafnasambands Íslands.

Öryggis- og tryggingamál hafnasjóða

Helgi Jóhannesson, lögmaður hjá LEX.

Fjareftirlit með rafmagnsnotkun

Sigurður Arnar Kristmundsson, hafnarstjóri Grindavíkurhafnar, og Torfi Már Hreinsson.

Staða rafmagnsmála í höfnum vegna landtenginga

Helgi Laxdal, forstöðumaður rekstrardeildar hjá Faxaflóahöfnum.

Fræðslumál hjá Íslenska sjávarklasanum

Heiðdís Skarphéðinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Íslenska sjávarklasanum.

Nýting fiskistofna

Björn Ævarr Steinarsson, forstöðumaður veiðiráðgjafarsviðs Hafrannsóknastofnunar.

Kynning á Hafnarfjarðarhöfn

Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar.

Fundinn sóttu tæplega 80 þátttakendur, fyrirlesarar og gestir.

Dagskrá fundarins lauk svo með kvöldverði á Fjörukránni.

IV. ÁLYKTANIR OG TILLÖGUR ÁRIÐ 2014

Á hafnasambandsþingi í Dalvíkurbyggð í september 2014 voru samþykktar eftirfarandi ályktanir og tillögur:

Ályktun um vigtun sjávarafla



Hafnasambandsþing haldið dagana 4. og 5. september í Dalvík og Fjallabyggð beinir þeirri eindregnu áskorun til ráðherra atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis og Fiskistofu að komið verði til móts við hafnirnar um vigtun sjávarafla. Í því sambandi er ljóst að hafnirnar hafa af því kostnað að sinna skráningu í þágu fiskveiðistjórnunarkerfisins og þar sem hafnir sinna vigtun á fleiri en einni hafnaraðstöðu er mikilvægt að nýta tæknina til fjarvigtunar. Lagt er til að Fiskistofu og Neytendastofu verði falið að samræma reglur í samvinnu við Hafnasamband Íslands svo hægt verði að nýta þessa tækni. Hafnasambandsþing ítrekar fyrri samþykktir um endurskoðun á ábyrgð vigtarmanna í lögum og vigtarreglugerð og treystir á að fyrirkomulag vigtarmála verði til framtíðar byggt á samkomulagi ríkisins við hafnirnar, en ekki einhliða reglusetningu.

Ályktun um umhverfisstefnu



Hafnasambandsþing, haldið dagana 4. og 5. september 2014 í Dalvíkur- og Fjallabyggð, samþykkir að hvetja hafnir til að setja sér formlega umhverfisstefnu. Jafnframt beinir þingið því til stjórnar hafnasambandsins að form slíkrar umhverfisstefnu verði aðgengilegt öllum aðildarhöfnum.

Ályktun um losun og móttöku úrgangs



Hafnasambandsþing, haldið dagana 4. og 5. september 2014 í Dalvíkur- og Fjallabyggð, skorar á ráðherra umhverfis- og auðlindamála að við setningu reglugerðar um losun og móttöku úrgangs frá skipum verði einfaldir verkferlar hafnanna ekki flæktir að óþörfu og að eftirlitsverkefni hafna í þágu ríkisins verði ekki aukin.

Ályktun um skráningu kaupskipa



Hafnasambandsþing, haldið dagana 4. og 5. september 2014 í Dalvíkur- og Fjallabyggð, skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að hefja nú þegar vinnu við að breyta lögum og reglum varðandi skráningu kaupskipa á Íslandi.

Greinargerð: Um áratuga skeið hafa íslensk kaupskip verið skráð erlendis vegna lagaumhverfis á Íslandi en tekjur af áhöfnum runnið til annarra landa en Íslands. Fyrir þjóð, sem byggir stærsta hluta flutninga til og frá landinu með skipum, er óviðunandi að lagaumhverfið komi í veg fyrir að kaupskip séu skráð á Íslandi.

Ályktun um skipulag hafnarsvæða



Hafnasambandsþing, haldið dagana 4. og 5. september 2014 í Dalvíkur- og Fjallabyggð, beinir þeirri áskorun til ráðherra umhverfis- og auðlindamála að ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar varðandi hafna-, athafna- og iðnaðarsvæða verði tekin til endurskoðunar með það að leiðarljósi að einfalda verkferla við gerð og breytingu skipulags á þessum svæðum. Þá er skorað á ráðherra að láta endurskoða landnýtingarflokkun skipulagsreglugerðar vegna hafna-, iðnaðar og athafnasvæða þannig að ákvæði taki annars vegar mið af breytingum á atvinnustarfssemi og að þau verði hins vegar mun skýrari en nú er.

Greinargerð: Á síðustu árum hefur skipulagsferlum verið breytt og þeir nú tímafrekari en áður. Þær breytingar hafa ekki verið til að einfalda feril skipulagsmála heldur gert aðstöðusköpun fyrir atvinnufyrirtæki óþarflega flókin.

Ályktun um erlend fiskiskip



Hafnasambandsþing, haldið dagana 4. og 5. september 2014 í Dalvíkur- og Fjallabyggð, felur stjórn Hafnasambands Íslands að taka upp málefni er varða komur erlendra fiskiskipa sem leita hafna vegna bilunar en hafa ekki löndunarheimild. Sérstaklega verði horft til þess hvað teljist neyðarþjónusta.

Ályktun um framlög ríkisins til hafnamála



"Hafnasambandsþing haldið dagana 4. og 5. september í Dalvík og Fjallabyggð beinir þeirri áskorun til Alþingis og Innanríkisráðherra að auka verulega framlög til hafnarverkefna á næstu árum. Skýrsla um efnahagsleg áhrif hafna á byggðirnar sýnir að hafnirnar eru uppspretta atvinnu- og efnahagslífs, en þær njóta óverlegra framlaga ríkisins á meðan hafnir í Evrópu njóta bæði styrkja ríkis og Evrópusambandsins. Til þess að hafnir geti sinnt hlutverki sínu sem einn af hornsteinum samgöngukerfisins er óhjákvæmilegt að ríkið komi að endurnýjun og uppbyggingu hafnarmannvirkja og að því megi sjá stað í samgönguáætlun til næstu ára."

Ályktun um frumvarp til hafnalaga



Hafnasambandsþing haldið dagana 4. og 5. september í Dalvík og Fjallabyggð skorar á Alþingi að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar á hafnalögum með þeim breytingum sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis lagði til við frumvarpið.

Hafnir á Íslandi eru einn af hornsteinum samgöngukerfis landsins og eins og kemur fram í skýrslu sem Hafnasamband Íslands lét vinna um efnahagsleg áhrif hafna, uppspretta atvinnu- og efnahagslífs. Þær breytingar sem lagðar eru til á hafnalögum eru til þess fallnar að styrkja starfsemi hafnanna, sem er mikilvæg forsenda þess að unnt verði að nýta þau tækifæri sem auknar siglingar um og í kringum Ísland geta leitt af sér.

Niðurstöður úr starfi stefnumótunarnefndar sem hafðar voru til hlíðsjónar við stefnumörkun hafnasambandsins 2016-2018



Sterkari rödd hafna:

- Hafnir landsins eru lífæð hvers samfélags. Hafnasambandsþing telur mjög mikilvægt að við lagasetningu sé tekið tillit til þeirra þátta sem hafa bein áhrif á starfsemi hafna. Hafnasambandið á að vera öflugur málsvari hafna til að gæta hagsmuna þeirra gagnvart ríkisvaldinu.
- Kanna ætti möguleika á því að auka starfshlutfall starfsmanns hafnasambandsins til þess að leggja aukna áherslu á hagsmunagæslu fyrir hafnir landsins. Jafnframt telur þingið að mikilvægt sé að kynna starfsemi hafna með jákvæðum hætti gagnvart almenningi og fyrirtækjum. Má þar nefna dæmi Hafnardagur, Hátíð hafsins, bryggjudagur.

Bætt samvinna og samstarf:

- Samstarf og samvinna hafna er lykillinn að öflugri hafnarstarfsemi. Mikilvægt er að eiga samstarf, meðal annars, um þjálfun starfsfólks og nýtingu búnaðar.
- Skipulagsmál eru í brennidepli, mikilvægt er að hafnir hafi með sér samstarf í skipulagsmálum þar sem því verður við komið.
- Mikilvægt er að Hafnasambandið beiti sér fyrir því að allir fletir samvinnu verði skoðaðir og hún kortlögð. Hafnasambandið gæti t.d. unnið úttekt á slíkum möguleikum. Hafnir og sveitarfélög verða að vinna saman að því að efla starfsemi hafnanna og gera hverja rekstrareiningu arðbæra. Hafa verður í huga að sameiningar þurfa að vera arðbærar.

Öflugra tekjuumhverfi:

- Mikilvægt er efla tekjustofna hafnanna og endurskoða lagaumhverfi þar um. Skoða þarf hvort hafnir nýti alla möguleika til tekjuöflunar.
- Kanna þarf sérstaklega hvort hafnir verði af tekjum t.d með mismunandi aðferðum við verðlagningu sjávarafna.
- Tryggja þarf hagsmuni íslenskra hafna þegar kemur að frekari auðlindanýtingu í hafinu við Ísland, námuvinnslu á Grænlandi auk hagsmuna vegna Norðuríshafs siglinga.

Bætt lög og reglur:

- Bæta þarf lagaumhverfi hafnanna. Hugsa þarf að breytingum varðandi umhverfismál (óreiðuskip) og að lögveð verði á ógreidd aflagjöld.
- Tryggja þarf aukið fjármagn á fjárlögum og í samgönguáætlun til hafnarframkvæmda.

V. HELSTU UMFJÖLLUNARMÁL STJÓRNAR

Helstu mál sem stjórn og nefndir hafa fjallað um frá síðasta hafnasambandsþingi eru:

BREYTINGAR Á HAFNALÖGUM

Frumvarp til breytinga á hafnalögum var samþykkt í lok árs 2014 en hafnasambandið var búið að berjast lengi fyrir því að fá breytingarnar samþykktar. Meginefni breytinganna snýr að styrkhæfum framkvæmdum og greiðsluhlutfalli ríkisins. Í 24. grein hafnalaga er nú kveðið á um hærra hlutfall framlags ríkisins til viðhaldsframkvæmda, skýrari reglur um nýframkvæmdir, möguleika á framlagi til niðurrifs mannvirkja og framlag vegna sameiningar hafna.

STEFNUMÖRKUN FYRIR HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Á seinasta hafnasambandsþingi var fjallað um skýrslu sem stjórn hafnasambandsins lét útbúa og bar heitið *Langtímastefna fyrir hafnir landsins*. Sú skýrsla var frekar umfangsmikil en ákveðið var að nýta hana sem vinnugagn fyrir frekari vinnu að stefnumörkun fyrir hafnasambandið. Á tímabilinu fékk stefnumótunarnefnd hafnasambandsins það verkefni að útbúa drög að stefnumörkun og til hliðsjónar var skýrslan sem og sú ályktun sem samþykkt var á hafnasambandsþingi árið 2014. Sú tillaga sem lögð er fram á hafnasambandsþingi 2016 er lögð fram til umfjöllunar og mikilvægt að samstaða takist um efnið, sem fylgt verður eftir við Alþingi, ekki síst við gerð samgönguáætlana. Langtímastefna, mótuð af höfnunum sjálfum, er grundvallarskjal um það hvert skuli halda á komandi árum.

ÚTTEKT OG GREINING Á FJÁRHAGSSTÖÐU HAFNA

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman fyrir hvert hafnasambandsþing og hafnafund skýrslu um fjárhagsstöðu hafnanna og verður slík skýrsla lögð fram á hafnasambandsþingi 2016 eins og venja er. Mun skýrslan taka til rekstrarársins 2015. Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sigurður Ármann Snævarr, hefur tekið skýrsluna saman í ár.

REGLUGERÐ UM VIGTUN OG SKRÁNINGU SJÁVARAFLA

Ítrekað hefur Hafnasamband Íslands leitað eftir samkomulagi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Fiskistofu um framkvæmd vigtunar sjávarafla, fjarvigtun, ábyrgð vigtarmanna og hlutdeild ríkisins í kostnaði við vigtunina. Málaleitan HÍ hefur ekki hlotið hljómgrunn, þó svo að fjallað hafi verið um málin á fundum og samstarfshópi.

Áherslur sem HÍ hefur sett fram, en þær lúta m.a. að eftirfarandi:

- Möguleika hafnanna á að nota fjarvigtun.
- Greiðslum vegna þjónustu hafnanna við opinbera aðila.
- Kostnað og fyrirhöfn vegna námskeiðahalds og vigtarréttinda.
- Skilgreining á hlutverki hafna skv. gildandi lögum.
- Hæfisreglur varðandi vigtarmenn.
- Ábyrgð vigtarmanna.

Það verður áfram verkefni Hafnasambands Íslands að fá viðunandi niðurstöðu í framkvæmd og þróun vigtarmála og niðurstöðu í þá eðlilegu kröfu sambandsins að um samskipti ríkis og hafna gildi samkomulag en ekki bláköld lagaákvæði. Þannig mun vigtun sjávarafra best uppfylla þær væntingar og kröfur sem ríkið hefur varðandi eftirlit með lönduðum afla, sem er forsenda fiskveiðistjórnunarkerfis ríkisins.

AUKIÐ FJÁRMAGN Í HAFNABÓTASJÓÐ

Stjórn hafnasambandsins hefur unnið að því á tímabilinu að fá aukið fjármagn frá ríkinu í Hafnabótasjóð. Stjórn hefur fundað með ráðherra og hefur fjármagn í sjóðinn aukist á seinustu árum þó að enn sé langt í land að nægilegu fjármagni sé veitt í sjóðinn til að geta staðið undir því viðhaldi sem margar hafnir þurfa að fara í sem og nýframkvæmdum.

FJALLAÐ VAR UM EFTIRTALIN LAGAFRUMVÖRÐ OG ÞINGMÁL

Stjórn Hafnasambands Íslands gaf umsagnir um fjölda frumvarpa til laga og er þau eftirfarandi:

- Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.
- Breytingar á lögum um veiðigjald.
- Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.
- Breytingar á lögum um umgengni nytjastofna sjávar.
- Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015–2018.
- Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.
- Reglugerð um slysavarnir í höfnum.
- Reglugerð um móttöku úrgangs og gjaldröku í höfnum.
- Breytingar á hafnalögum.
- Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.
- Frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.
- Frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Frumvarp til laga um náttúrupassa.
- Frumvarp til laga um Fiskistofu.
- Þingsályktun um flutning landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.



VI. NIÐURLAG

Stjórn Hafnasambands Íslands fjallaði á liðnu starfstímabili um fjölmörg mál sem varða hagsmuni hafnanna og skipta verulega máli.

Framundan er það verkefni Hafnasambands Íslands að móta sameiginlega stefnu hafnanna um hvert skuli halda og hverjar áherslur sambandsins skuli vera. Við gerum kröfu til þess að ríkið komi að endurnýjun hafnarmannvirkja og uppbyggingu hafna, en okkur er einnig ljós sú eðlilega krafa að gera sjálf það sem mögulegt er til þess að styrkja rekstur hafnanna með auknu samstarfi, sameiningu og hagræðingu þar sem þess er kostur. Þó svo að hagur hafna hafi batnað nokkuð á síðustu árum er staða nokkurra hafna óviðunandi og staða margra annarra hafna viðkvæm. Of fáar hafnir eru sjálfbærar til lengri tíma og verkefnið að fjölga höfnum í þeim hópi. Það verkefni verður ekki alfarið lagt á einstaka hafnarsjóði heldur þarf samstillt áttak til þess að ná árangri í því efni. Fyrir Alþingi liggur viðamikil skýrsla innanríkisráðherra um stöðu hafna samkvæmt beiðni Haraldar Einarssonar og fleiri þingmanna. Þar er dregið á ýmsum kunnuglegum atriðum, sem lengi hafa verið í umræðunni og koma m.a. fram í skýrslu um fjárhagsvanda hafna frá árinu 2009. Því miður hefur markviss stefnumótun aldrei náð lengra en í skýrslugerð, en nú er heitið á samgönguyfirvöld að aðgerðir fylgi þeim orðum sem sett hafa verið í skýrslur. Það blasir við þörfin á auknum fjármunum til endurnýjunar hafnarmannvirkja víða um land, aðgerðum til að vinna á skuldsetningu hafna, framtíðarsýn og aðgerðum sem styrki rekstrargrundvöll hafna og samræmd sókn í ný verkefni, sem styrki enn frekar tækifæri til atvinnusköpunar og hagvaxtar.

Umhverfismál hafa í sívaxandi mæli verið verkefni hafnanna. Á því svið hafa hafnirnar staðið sig vel þó svo að aldrei verði hafnirnar verkefnalausar á þeim vettvangi. Í nýrri skýrslu Darra Eyþórssonar, um hvort nýta megi frekar endurnýjanlega orku í rekstri Faxaflóahafna

sf., eru upplýsingar og atriði sem varða allar hafnir landsins. M.a. kemur þar fram að sjóflutningar annist 90% af alþjóðlegum vöruflutningum, en valdi 2,2% af útstreymi gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Heildar losun sjávarútvegs á Íslandi er metin 10% af losun Íslands, en hefur þó lækkað úr 18% frá árinu 1990. Umræðan um umhverfismál hafna snýst um þessar mundir mikið um útblástur frá skipum og þó svo að bein starfsemi hafnanna sé aðeins brot af þeirri losun er því beint til hafnanna að skapa aðstöður til þess að skip af öllum stærðum geti fengið landrafmagn til að draga úr útblæstri. Það er sjálfsögð krafa, en verður ekki komið í verk nema með öflugum stuðningi hins opinbera. Á mörgum öðrum sviðum umhverfismála eru fyrir hendi verkefni hafnanna, en sum af þeim tengjast regluverki ESB og ríkisins svo sem dýpkun, móttaka á sorpi, skipulag strandssvæða og umhverfismatsskyld verkefni. Kröfurnar eru að aukast og nauðsynlegt fyrir hafnirnar að halda vöku sinni gagnvart því hvað teljist eðlilegar kröfur og hvað ekki. Nýjum kröfum fylgja oftast kostnaður sem þröngur fjárhagur hafna þarf að glíma við.

Hafnirnar hafa úr takmörkuðu fjármagni að spila og því er mikilvægt að nýta vel þá fjármuni sem fara til reksturs og uppbyggingu hafna, en í þeim efnum hefur íslenskt hafnafólk staðið vaktina af miklum sóma. Betur má þó ef duga skal og næstu ár munu eflaust krefjast enn meiri hugkvæmni eigenda, stjórnar og starfsmanna hafna varðandi rekstur, viðhald og uppbyggingu hafna. Hafnirnar eru hornsteinninn í efnahags- og samgöngukerfi landsins. Okkur ber skylda til að sjá til þess að þessi hornsteinn gegni hlutverki sínu með sóma.

Gert í september 2016.



formaður stjórnar Hafnasambands Íslands.

